

„Slæmir stjórnarhættir“

• Fjölmargt fór aflaga í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt skýrslu • Borgarfulltrúar ósammála um hvort kjörnir fulltrúar eiga að sitja í stjórn OR

Guðni Einarsson guдни@mbl.is Úttektarnefnd um fjárhagsvanda Orkuveitu Reykjavíkur (OR) kynnti svarta skýrslu í gær. Þar er bent á fjölmargt sem aflaga fór í rekstrinum á árunum 2002-2010.

Guðni Einarsson
guдни@mbl.is

Úttektarnefnd um fjárhagsvanda Orkuveitu Reykjavíkur (OR) kynnti svarta skýrslu í gær. Þar er bent á fjölmargt sem aflaga fór í rekstrinum á árunum 2002-2010.

„Slæmir stjórnarhættir eru á meðal þess sem nefndin telur grunnástæðu fyrir fjárhagsstöðunni,“ sagði Margrét Pétursdóttir, formaður úttektarnefndarinnar.

Jón Gnarr borgarstjóri sagði skýrsluna staðfesta að þær aðgerðir sem núverandi borgarstjórnarmeirihluti greip til varðandi OR hefðu verið réttar og nauðsynlegar. Hann kvaðst vilja vinna að því að stjórnámálamenn sætu ekki í stjórn OR.

Sóley Tómasdóttir, oddviti VG, sagði að sér væri fyrirmunað að skilja hvernig nefndin komst að þeirri niðurstöðu að skipta kjörnum fulltrúum úr stjórn OR. Fyrir fimm árum hefðu kjörnir fulltrúar komið í veg fyrir að fyrirtækið yrði einkavætt og sett í hendur útrásarvíkinga.

Hanna B. Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, kvaðst ekki vera sannfærð um þá hugmynd að stjórnámálamenn sætu ekki í stjórn OR.

„Ég er alveg sammála því að sá tími eigi að vera liðinn að borgarfulltrúar sitji í stjórn Orkuveitunnar,“ sagði Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs.

Orkuveituskýrslan 14-15



Skýrslan kynnt Úttektarnefnd um Orkuveitu Reykjavíkur kynnti skýrslu sína í gær. F.v. Margrét Pétursdóttir, löggiltur endurskoðandi og formaður nefndarinnar, Ása Ólafsdóttir lektor, dr. Ómar H. Kristmundsson prófessor og Gestur Páll Reynisson, starfsmaður nefndarinnar. — Morgunblaðið/Kristinn

Fjárhagsvandi OR

- » Erfiðleika OR má m.a. rekja til offjárfestingar, framkvæmdagleði og hárra arðgreiðslna til eigenda.
- » Að mati nefndarinnar getur OR staðið við skuldbindingar sínar náist langtímafjármögnun.

